

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. nóvember 2023

Mál nr. E-129/2023:

**A**

(Erling Daði Emilsson lögmaður)

**gegn**

**Vátryggingafélagi Íslands hf. og**

**X**

(Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var þann 26. október 2023, var höfðað þann 20. desember 2022. Stefnandi er A, kt. [...], [...], en stefndu eru Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, og X, [...].
- Dómkröfur stefnanda eru að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda X og að viðurkenndur verði réttur stefnanda til greiðslu bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu stefnda X hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut í starfi sínu sem grunnskólakennari hjá Y þann 21. mars 2017. Þá krefst stefnandi málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

### Helstu málsatvik

- Í ágúst 2016 hóf stefnandi störf sem kennaranemi í starfsnámi hjá Y sem er starfræktur af stefnda, X. Þegar stefnandi útskrifaðist úr kennaranámi og öðlaðist heimild til að nota starfsheitið grunnskólakennari 10. febrúar 2017 hélt hún áfram störfum sem slíkur hjá nefndum grunnskóla.
- Stuttu síðar, eða þann 21. mars 2017, varð stefnandi fyrir árás af hálfu [...] nemanda í matsal skólans. Umræddur nemandi mun hafa átt við hegðunarvanda að etja og þurft á sértækum námsúræðum að halda en ágreiningur er með aðilum um það hvort nemandinn

hafi áður sýnt af sér ofbeldishegðun gagnvart starfsfólki skólans. Ekki er upplýst í málinu hvort umræddur nemandi hafi fengið greiningar á vanda sínum, hvorki fyrir atvikið né eftir það. Þó liggur fyrir að nemandinn hafði áður en hann hóf nám í umræddum grunnskóla verið í Z sem er skóli ætlaður nemendum með fjölpættan vanda.

- 6 Í lögregluskýrslu vegna atviksins, samdægurs, greindi stefnandi svo frá að hún hefði séð umræddan nemanda hlaupa í matsalnum á eftir öðrum nemanda en samkvæmt reglum skólans hefði ekki verið leyfilegt að hlaupa þar. Hefði stefnandi því gripið í handlegg nemandans til að fá hann til að láta af hlaupunum en hann hefði þá kýlt hana með krepptum hnefa í vinstri kjálka. Hefði hún þá gripið um miðbúk nemandans og haldið honum með bak hans við bringu sína og fært hann út úr matsalnum þar sem nemandinn hefði barist um, klipið, sparkað, kýlt og klórað. Við tröppur fyrir utan matsalinn hefði hún misst vald það sem hún hafði á nemandanum, misst jafnvægið, fallið aftur fyrir sig á tröppurnar og fengið nemandann ofan á sig. Hefði nemandinn jafnframt náð að skella hnakka sínum í andlit stefnanda þannig að hún hefði vankast. Annað starfsfólk skólans hefði þá komið að og náð að tryggja öryggi nemandans og færa hann í öruggt umhverfi.
- 7 Eftir umrætt atvik fékk stefnandi aðhlyningu frá samstarfsaðilum og var farið með hana á sjúkrahúsið [...]. Var hún þar greind með yfirborðsáverka á nefi, áverka á höfði og framhandlegg auk heilahristings. Samkvæmt örorkumati B læknis voru varanlegar heilsufarslegar afleiðingar slyssins taldar vera heilkenni eftir höfuðáverka, áfallastreita og eftirstöðvar hálstögnunar með versnun einkenna frá háls hrygg. Var varanleg örorka talin hæfilega metin 10%.
- 8 Í málinu liggur fyrir öryggisáætlun grunnskólans um umræddan nemanda sem er ódagsett en ágreiningslaust er að hún var gerð eftir að framangreint atvik átti sér stað. Þar kemur fram að mikilvægt sé að mæta umræddum nemanda með yfirvegun, hlýju, rósemd og festu. Hann þurfi að upplifa sig öruggan í aðstæðum þannig að leiðbeiningar þurfi að vera einfaldar, skýrar og hnitmiðaðar. Ef árekstrar yrðu milli hans og annarra nemenda myndu skapast aðstæður sem umræddur nemandi réði illa við og þá þyrfti að tryggja öryggi allra með því að vísa honum út eða gefa hinum færi á að yfirgefa aðstæður. Væri umræddur nemandi illa upplagður ætti hann erfiðara með að takast á við viðfangsefni.

Þá þyrfti að gefa honum færi á að hvíla sig og forðast ætti ráðleggingar, umvandanir og þras.

- 9 Í öryggisáætluninni var viðbrögðum vegna umrædds nemanda stillt upp í fjögur stig með sértækum hætti, aðlagð sérstaklega að þörfum hans, og voru þar útlustuð viðbrögð við hegðun nemandans eftir alvarleikastigi. Var þar að finna ábendingar um að hafa nemandann ávallt í augu, tala rólega til hans, forðast að nota snertingu o.s.frv.
- 10 Atvikið var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands þann 29. apríl 2019. Voru þá eftirfarandi aðilar nefndir sem sjónarvottar: C, D, E, F, G og H. Á slysdegi var stefndi X með ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. (hér eftir stefndi VÍS). Hafnað hefur verið bótaskyldu í málinu. Málinu var vísað til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum sem kvað upp úrskurð 27. apríl 2021 þess efnis að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stefnda X hjá stefnda VÍS.
- 11 Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu en auk hennar gáfu skýrslur I, G, H, F og J sem öll voru starfsmenn við nefndan grunnskóla. Þá gaf K, þáverandi aðstoðarskólalastjóri skólans, skýrslu í gegnum síma. Verður vitnað til framburðar framangreindra eftir því sem þurfa þykir.

### **Helstu málsástæður stefnanda**

- 12 Stefnandi byggir viðurkenningarkröfu sína á hendur stefndu vegna líkamstjóns síns 21. mars 2017 á meginreglum skaðabótaréttar; sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Kröfur gegn stefnda VÍS eru byggðar á heimild í 1. mgr. 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 en gegn stefnda X á 3. mgr. ákvæðisins.
- 13 Stefnandi byggir á því að umræddur nemandi hafi átt við fjölþættan vanda að etja og þurft á sérstöku eftirliti og sérfræðiþjónustu að halda til að tryggja öryggi hans og annarra. Þá þjónustu hafi stefnda X borið að veita enda hafði nemandinn áður beitt starfsfólki ofbeldi. Fyrst hafi skólinn ráðið F kennara til að hafa eftirlit með nemandanum en F síðan tekið að sér umsjónarþjónustu. Eftir það hafi nemandinn ekki lengur verið undir sérstöku eftirliti þrátt fyrir ríka þörf. Skólinn hafi þannig vanrækt að tryggja öryggi starfsmanna og nemenda og enginn verið til staðar til að stoppa nemandann af

Þegar hann missti stjórn á sér vegna mikils hegðunarvanda. Sökum vanrækslu skólans hafi skort sérstakan stuðning fyrir nemandann vegna tilfinningalegra og félagslegra örðugleika hans, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Hafi stefnandi því sjálf þurft að reyna hvað hún gat til að róa nemandann niður og verjast árás hans en hjálp samstarfsaðila hafi borist of seint. Tjónið hefði ekki orðið hefði sérstakt eftirlit með nemandanum verið virkt og til staðar í frímínútum, þar sem mest hætta hafi verið á árekstrum nemandans við aðra.

- 14 Þegar atvikið átti sér stað hafi nemandinn verið að koma úr verklegri kennslu með L smíðakennara sem hefði átt að fylgjast áfram með nemandanum í matsalnum en ekki gert það. Í atvikaskráningu I grunnskólakennara komi fram að fylgdarmaður nemandans hafi hvorki brugðist við eltingarleik hans við yngri nemendur né líkamsárás hans á stefnanda.
- 15 Aðrir samstarfsmenn hafi verið of lengi að koma til aðstoðar. Í höfnunarbréfi stefnda VÍS hafi því verið haldið fram að stuðningsfulltrúar og kennarar sinntu sameiginlega eftirliti í mötuneyti. Þrátt fyrir það hafi enginn sinnt eftirliti í mötuneytinu eða komið stefnanda til aðstoðar fyrir en of seint og stefnandi og nemandinn voru komin út fyrir matsalinn. Stefndi VÍS hafi byggt á því að nemandinn hefði ekki verið undir sérstöku eftirliti enda hafi ekki verið þörf á því. Samstarfsmenn stefnanda hafi þvert á móti staðfest að nemandinn hefði áður verið undir sérstöku eftirliti en að það hafi ekki verið til staðar og brugðist umrætt sinn. Hafi nemandinn verið eftirlits- eða gæslulaus hafi skólinn vanrækt þá ábyrgð og skyldu sína að skipuleggja stuðning í samræmi við þarfir nemandans og sú vanræksla hafi orsakað líkamstjón stefnanda. Þörf á gæslu nemandans sé sönnuð þar sem hann hafi fyrir árásina sýnt af sér hegðunarbrot og ofbeldi. Eftirlitsleysi skólans og vanræktar umsjónarskyldur hans með nemandanum leiði til bótaskyldu. Þó að hegðunarbrot nemandans hafi ekki verið skráð í kerfi skólans sé slíkt ekki til marks um að þau hafi ekki gerst, heldur að skráningar hafi verið í ólestri í skólanum.
- 16 Þá hafi verklagi verið ábótavant er varðað hafi nemendur með ofbeldishneigð og hegðunarvanda. Öryggisáætlun um umræddan nemanda hafi ekki verið gerð fyrir en eftir atvikið 21. mars 2017 þrátt fyrir ítrekaða ofbeldishegðun hans. Vanræksla og gáleysi skólans bendi einnig til þess að verkstjórn og skipulagi skólastjórnenda hafi verið áfátt þar sem öryggi stefnanda og nemandans var ekki tryggt. Skólinn hafi vanrækt að

áhættumeta nemendahópin, ekki látið gera sérfræðilegar greiningar eða veitt viðeigandi stuðning til að lágmarka hættu á slíkum atburðum.

- 17 Í tillögum til úrbóta í athugun á innra starfsumhverfi nefnds skóla, dags. 13. nóvember 2017, hafi verið lagt til að farið yrði eftir ákvæðum vinnuverndarlaga og reglugerðar um andlega og félagslega áhættuþætti á vinnustað, þ.e. að gert yrði áhættumat og mótaðar verklagsreglur um viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað. Í nefndri athugun hafi starfsmenn lýst úrræðaleyssi gagnvart hegðunarvanda hjá ákveðnum nemendum og hafi skýrari verkferlar um börn í vanda verið nefndir sem dæmi um raunhæfar lausnir til að styrkja starfsumhverfi og starfsanda.
- 18 Stefnanda hafi ekki verið kynntar leiðbeiningar eða reglur um hvernig ætti að bregðast við ofbeldishneigð nemenda né hafi hún setið námskeið um viðbrögð starfsmanna í slíkum málum. Slíkt námskeið hafi verið haldið áður en hún hóf störf og annað í kjölfar atviksins 21. mars 2017. Skólinn hafi vanrækt að útbúa og hafa til taks verklagsreglur skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þá hafi engin áætlun verið tilkynnt starfsmönnum um viðbrögð þeirra við ofbeldismálum umrædds nemanda fyrr en eftir atvikið.
- 19 Stefnandi hafi fylgt reglum í handbók Y um það hlutverk kennara að fylgjast með líkamlegri og andlegri vanlíðan nemenda sinna og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefði. Aðrar viðeigandi leiðbeiningar hafi ekki verið í handbókinni og því hafi vinnureglur skólans verið ófullnægjandi. Telji hún sig einnig hafa verið innan heimildar 13. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 þar sem hún hafi verið að stöðva ofbeldi nemandans og koma í veg fyrir að hann ylli frekari skaða. Engar almennar vinnureglur um viðbrögð starfsmanna við slíkum uppákomum og ofbeldismálum hafi verið fyrir hendi eða kynntar henni fyrir atvikið. Skorað hafi verið á stefnda VÍS að leggja fram slíkar almennar vinnureglur sem stefndi byggi á að hún hafi ekki fylgt. Þar sem stefndi hafi ekki orðið við áskoruninni beri að leggja til grundvallar að engar slíkar vinnureglur hafi legið fyrir eða verið kynntar stefnanda fyrr en eftir atvikið.
- 20 Stefnanda hafi aldrei verið kynntar þær reglur að starfsmenn mættu ekki einir og óstuddir halda nemenda sem þyrfti að stöðva vegna hegðunar. Né heldur hafi henni verið kynnt

að starfsmenn mættu aldrei grípa nemendur og halda þeim aftan frá þannig að nemandi ætti möguleika á að skalla starfsmenn. Engar slíkar reglur liggi fyrir í málinu. Ámælisvert hafi verið að hvorki kynna henni né láta henni í té afrit slíkra reglna hafi þær verið til taks fyrir atvikið. Skólinn hafi vanrækt skyldu sína skv. 14. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.

- 21 Samkvæmt 5. gr. grunnskólalaga sé rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Skólastjóri sé forstöðumaður grunnskólans, veiti faglega forystu og beri ábyrgð á starfi hans gagnvart sveitarstjórn, sbr. 7. gr. sömu laga. Í því ákvæði felist einnig skylda skólastjóra til að gæta að öryggi nemenda og kennara á skólatíma, sbr. einnig 12. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, sbr. og 37. og 42. gr. laganna og almennar óskráðar reglur. Um þetta vísar stefnandi einnig til d-liðar 2. gr. og 3. gr. reglugerðar nr. 1040/2011. Grunnskólastjórar og starfsmenn skólanna verði að gera nauðsynlegar og eðlilegar ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna. Vanræksla stjórnenda skólans og gáleysi samstarfsmanna hafi leitt til þess að umræddur nemandi hafi verið hömlulaus og ráðist á stefnanda. Hafi öryggis starfsmanna því ekki verið gætt umrætt sinn og vinnuveitandi stefnanda beri fulla skaðabótaábyrgð á tjóninu.
- 22 Þá hafi atvikið ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu, sbr. 79.–81. gr. laga nr. 46/1980, og því ekki verið rannsakað þrátt fyrir að stefnandi hefði orðið óvinnufær. Því verði sönnunarbyrði vegna óljósra og umdeilda málsatvika lögð á atvinnurekanda, hér stefndu. Þá virðist skólinn ekki hafa sinnt atvikaskráningu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1040/2011.
- 23 Til vara, verði ekki fallist á bótaábyrgð á grundvelli sakar, vísar stefnandi til sakarlíkindareglu og hlutlægrar ábyrgðarreglu þess efnis að eðlilegt sé að vinnuveitandi beri ábyrgð á slíkum atburðum jafnvel þótt ekki sé sýnt fram á beina sök. Á skólayfirvöldum hvíli rík skylda til að gæta að vinnuaðstöðu nemenda og kennara, m.a. að tryggja öryggi þeirra gagnvart nemendum með hegðunar- og þroskavandamál, jafnvel ofbeldishneigð. Þetta sé kostnaðarsamt og áhættuþátturinn þekktur en yfirvöld hafi tilhneigingu til að spara sér þennan kostnað, og við atburð eins og þennan bitni það á brotþola. Bæði sé sanngjarnt og eðlilegt að skólinn beri áhættu af slíkum atburðum fremur en kennari sem fyrir tjóni verði. Megi vísa til fyrirmýnda í 30. gr. lögreglulaga

nr. 90/1996 og 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 um sams konar hlutlæga ábyrgð, og ákvæða sem hafa tekið gildi í kjarasamningum grunnskólakennara eftir umrætt atvik, nánar tiltekið greinar 7.6 sem tók gildi 1. júní 2018. Þar sé kveðið á um rétt starfsmanna til bóta úr hendi vinnuveitanda verði þeir fyrir líkamsárás af hálfu einstaklings sem sé ósjálfráður gerða sinna, svo sem í tilviki stefnanda.

### **Helstu málsástæður stefndu**

- 24 Stefndu byggja á því að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir slysi 21. mars 2017 sem rakið verði til saknæmrar háttsemi starfsmanna Y eða annarra starfsmanna stefnda X. Stefndu beri sönnunarbyrði fyrir því að tjón verði rakið til saknæmrar háttsemi vinnuveitanda eða annars. Stefndu beri hallann af sönnunarskorti.
- 25 Ekki hafi áður komið upp nein tilvik ofbeldisfullrar hegðunar nemandans. Hann hafði þó fengið sérstaka námsaðstoð sem aðeins hafi verið bundin við kennslustundir en ekki frímínútur. Opinberar skráningar og framburður skólastjórnenda hafi eindregið verið á þann veg að ekkert tilefni hafi verið til að grípa til sérstakra ráðstafana varðandi nemandann fyrir atvikið. Framburður tveggja starfsmanna sé í ósamræmi við skráningar skólans og framburð skólastjórnenda og sönnunargildi framburðar þeirra sé mótmælt enda komi hjá öðrum þeirra fram andstaða við skólastjórnendur þar sem þeir séu sakaðir um ofbeldi gagnvart kennurum. Samskiptaörðugleikar innan skólans, ótengdir atvikinu, hafi áhrif á sönnunargildi framburðar þeirra.
- 26 Stefndu byggji ekki meinta skyldu stefnda X á sérstökum lögboðnum skyldum eða opinberum verklagsreglum heldur virðist vera byggt á almennum ákvæðum vinnuverndarlöggjafarinnar, almennum ákvæðum um ábyrgð sveitarfélaga á rekstri grunnskóla í grunnskólalögum og ákvæðum reglugerðar nr. 1040/2011. Ekki séu þar lagðar þær skyldur á herðar grunnskólum að grípa til sértækra aðgerða eða að útbúa sérstaka öryggisáætlun vegna tiltekinna nemenda. Í reglugerð nr. 1040/2011 sé ekki að finna ákvæði um öryggisáætlanir eða skyldur skólastjórnenda til slíks heldur fyrst og fremst lagðar skyldur á herðar starfsmönnum skóla um rétt viðbrögð ef upp kemur ofbeldi eða erfið hegðun. Sé því málatilbúnaður stefnanda um þessa þætti haldlaus.

- 27 Það verði ekki virt til gáleysis eða saknæmrar vanrækslu að skólastjórnendur hafi ekki gripið til aðgerða gagnvart umræddum nemanda fyrir atvikið né verður talið að slíkar aðgerðir hefðu komið í veg fyrir það. Háttsemi nemandans hafi fram að atvikinu ekki gefið tilefni til sérstakra ráðstafana eða gerðar öryggisáætlunar og ekki hafi verið ástæða til að vara aðra kennara við honum. Kennarar, þ.m.t. stefnandi, höfðu fengið árlegan fyrirlestur um verklagsreglur og viðbrögð við erfiðri hegðun og ofbeldi nemenda og höfðu skólastjórnendur þannig uppfyllt allar slíkar skyldur. Stefnandi sé menntaður grunnskólakennari og hafi í krafti menntunar sinnar verið fullmeðvituð um hvernig nálgast bæri erfiða nemendur sem og ákvæði laga og reglugerða þar að lútandi. Ekki hafi skort fræðslu af hálfu skólastjórna og stefnandi hafi átt að þekkja rétt viðbrögð. Mótmælt sé að reglur um áhættumat á vinnustaðnum hafi þýðingu við úrlausn málsins.
- 28 Aðstoðarmaður nemandans hafi ekki brugðist eftirlitsskyldum sínum eða í starfi vanrækt skyldur sínar með saknæmum hætti. Aðstoð hans hafi fyrst og fremst verið vegna námsörðugleika en hann hafi ekki átt að fylgja nemandanum eftir í einu og öllu eða vera eins konar öryggisvörður hans. Í frímínútum og matarhléum hafi nemandinn verið á sameiginlega ábyrgð allra starfsmanna skólans í matsalnum, þ.m.t. stefnanda. Annað sé ósannað.
- 29 Því sé mótmælt að samstarfsmenn stefnanda hafi verið of seinir að bregðast við, á saknæman máta. Aðgerðir stefnanda sjálfrar hafi gengið þvert á verklagsreglur og ákvæði reglugerðar nr. 1040/2011 og hún hafið líkamleg átök við nemandann sem varhugavert hefði verið fyrir aðra starfsmenn að blanda sér í. Þá hafi atburðarás verið of hröð til að tóm gæfist öðrum starfsmönnum til að aftra átökum.
- 30 Stefndu mótmæla tilvísunum til skýrslu Lífs og sálar enda hafi skýrslan lotið að öðrum þáttum í starfsemi skólans, einkum samskiptum á vinnustaðnum. Skýrslan hafi ekkert fjallað um umrætt mál eða meinta vanrækslu skólans í máli nemandans eða annarra nemenda með hegðunarvandamál.
- 31 Líta beri til háttsemi stefnanda sem sjálf hafi borið meginsök á tjóni sínu. Óheimilt sé skv. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 að beita líkamlegum refsingum eða líkamlegu inngripi í refsingarskygni. Líkamlegt inngríp sé heimilað í takmörkuðum

hættuaðstæðum skv. 2. mgr. ákvæðisins en aðeins í ýrtruðu neyð og eingöngu þegar ljóst sé að aðrar leiðir dugi ekki til að forða nemanda frá að skaða sig eða aðra. Starfsfólki skóla sé óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni og ávallt skuli gæta meðalhófs, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá skuli láta tafarlaust af inngripi hafi hættu verið afstýrt. Í 3. mgr. komi síðan fram að mikilvægt sé að starfsfólk vinni ekki eitt við slíkar aðstæður og kalli eftir aðstoð. Framangreint orðalag hafi verið tekið upp í verklagsreglur Y auk frekari leiðbeininga um líkamleg inngríp, m.a. að fara ekki einn í slíkar aðstæður, að inngríp skuli vera eins stutt og kostur er, beitt skuli eins litlu afli og kostur er, veita skuli nemanda útgönguleið, tala rólega við nemanda og fara yfir atburðarás. Huga skuli vel að staðsetningu sinni, ekki vera í ógnandi stöðu, virða persónulegt rými nemenda og standa til hliðar við nemendur og gæta að jafnvægi. Þegar nemandi sé fjarlægður skuli það gert þannig að gengið sé við hlið nemanda og haldið um bak og handlegg. Aldrei skuli þrengt að öndun eða haldið um liðamót. Umræddar verklagsreglur og verklag hafi verið kynnt kennurum á árlegum fyrirlestri.

- 32 Stefnandi sé menntaður kennari og hafi því í krafti menntunar sinnar þekkingu á samskiptum við erfiða nemendur og réttum viðbrögðum við ógnandi hegðun eða ofbeldi af þeirra hálfu.
- 33 Umrætt atvik hafi hafist þegar nemandinn hafi verið að hlaupa á eftir öðrum nemanda í matsalnum. Stefnandi byggi ekki á því að hann hafi þá sýnt öðrum ógnandi hegðun eða ofbeldi. Stefnandi hafi samt kosið að beita líkamlegu inngripi og stöðva nemandann með valdi og brjóta þannig gegn fyrrnefndum verklagsreglum og ákvæðum reglugerðar nr. 1040/2011. Það hafi orðið til þess að nemandinn hafi misst stjórn og slegið stefnanda, sem hafi þá, í stað þess að kalla eftir aðstoð, tryggja aðstæður, einangra nemandann og veita honum útleið, beitt líkamlegu inngripi, rokið á nemandann, gripið utan um hann og haldið honum föstum. Þá hafi stefnandi lyft nemandanum og borið hann út úr matsalnum og hafi þannig nýtt sér afls- og stærðarmun, sem og þrengt að liðum og brjóstakassa. Hafi þau viðbrögð stefnanda verið fullkomlega óeðlileg gagnvart háttsemi nemandans og brotið gegn viðurkenndu verklagi við meðhöndlun á nemendum sem sýni ógnandi hegðun og ofbeldi. Öðrum nemendum hafi ekki staðið ógn af nemandanum á þessu tímamarki og háttsemi stefnanda sjálfrar hafi því verið með öllu óforsvaranleg og brotið

gegn skráðum háttnerisreglum og viðurkenndum aðferðum í tilvikum sem þessum. Háttsemi stefnanda sjálftrar sé frumorsök umræddra átaka og því beri að sýkna stefndu.

- 34 Skilyrði um orsakatengsl milli meintrar háttsemi stjórnenda skólans og líkamstjóns stefnanda séu ekki uppfyllt. Það hafi ekki verið meint vanræksla skólastjórnenda sem hafi orsakað tjónið heldur röng viðbrögð og saknæm hegðun stefnanda sjálftrar, sérstaklega að beita nemandann líkamlegri þvingun án tilefnis og reyna að yfirbuga hann. Ótvírætt sé að röng viðbrögð og gáleysi stefnanda sé frumorsök tjóns hennar en hefði hún ekki beitt líkamlegu inngrípi með þeim hætti sem hún gerði hefði umrædd atburðarás aldrei átt sér stað. Hin meinta saknæma vanræksla skólastjórnenda hafi því í raun engu máli skipt og skorti á að orsakatengsl séu á milli hennar og tjónsins.
- 35 Þá hafi stefnandi fyrirgert sér rétti til bóta á grundvelli reglna um meðábyrgð. Með stórkostlegu gáleysi hafi hún gripið til líkamlegra þvingana gegn nemandanum. Stefndu vísi til 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993.
- 36 Stefndu telji engar forsendur til að víkja frá meginreglum um sönnun, beita sakarlíkindareglum eða leggja hlutlæga ábyrgð á stefndu. Slíkar reglur séu undantekningar frá meginreglunni um sönnunarbyrði tjónþola og beri skv. hefðbundnum lögskýringarreglum að skýra gildissvið þeirra þröngri skýringu og aðeins beita þeim þegar þær eigi ótvírætt við. Stefndu mótmæla því að skyldur skólayfirvalda til að tryggja vinnuástöðu nemenda og kennara leiði til beitingar sakarlíkindareglunnar. Sömuleiðis sé mótmælt tilvísun til ákvæða lögreglulaga og siglingalaga um hlutlæga ábyrgð en skv. skýrum ákvæðum viðkomandi laga gildi umrædd ákvæði eingöngu um lögreglumenn og sjómenn, en ekki aðra. Þá hafi grein 7.6 í kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga enga þýðingu í málinu og engin réttaráhrif fyrir stefndu en ákvæðið hafi tekið gildi rúmu ári eftir umrætt atvik og því verði ekki beitt afturvirk, enda ekki á því byggt af stefnanda.
- 37 Stefndu bendi á að í gögnum málsins liggi fyrir athugasemdir skólastjórnenda sem byggist á atvikaskráningu skólans og sé ljóst að engar skráningar sé að finna varðandi atvik fyrir 21. mars 2017. Leggi stefndu fram samantekt um verklagsreglur skólans og telja að með framangreindu sé áskorun stefnanda í stefnu svarað.

## Niðurstaða

- 38 Ágreiningur aðila stendur um það hvort stefndi X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda vegna árásar nemanda í grunnskólanum þar sem stefnandi starfaði þann 21. mars 2017. Ekki er ágreiningur um það í málinu að stefnandi hafi leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir tjóni við nefnt atvik og teljist hafa lögvarða hagsmuni af málarekstrinum í því formi sem hún hefur kosið að marka dómkröfum sínum.
- 39 Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er kveðið á um skyldu vinnuveitanda til að tilkynna slys til Vinnueftirlits ríkisins. Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar var þessari skyldu ekki sinnt. Það hefur á hinn bóginn ekki leitt til þess að þau atvik sem varða tjónsatburðinn sjálfan séu óljós og umdeild. Til þess er einnig að líta að sama dag og atvikið varð gaf stefnandi skýrslu hjá lögreglu. Lögregluskýrslan ber með sér að J, fyrrum starfsmaður skólans, hafi einnig verið viðstaddur skýrslutökuna. Af framangreindu leiðir að vöntun á tilkynningu til Vinnueftirlits getur enga þýðingu haft við úrlausn málsins, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands 20. september 2012 í máli nr. 645/2011.
- 40 Ekki liggur fyrir hvort umræddur [...] nemandi hafi, þegar atvikið átti sér stað, verið greindur með tilteknar raskanir en í framburði vitna fyrir dómi kom fram að hann hefði notið sérstakra úrræða innan skólans, bæði vegna námsörðugleika og hegðunarvandamála. Þá báru vitni að drengurinn hefði sótt nám í Z áður en hann hóf nám í þeim grunnskóla sem stefnandi starfaði við. Liggur þannig fyrir sönnun um fjölþættan vanda drengsins.
- 41 Þegar atvikið átti sér stað mun drengurinn hafa verið að koma úr smíðatíma og skv. framburði vitnisins F sem ráðinn hafði verið til skólans, fyrst um sinn alfarið til að sinna drengnum, hafi sá kennari sem síðast sinnti kennslu drengsins fyrir matarhlé átt að fylgjast með honum í matsalnum. Lýsti F því fyrir dómi að eftir að hafa sinnt framangreindu starfi sem alfarið laut að drengnum hefði hann tekið við sem umsjónarkennari bekkjar drengsins en þó haldið áfram að sinna honum. Hann hefði haldið dagbækur um drenginn, aðstoð við hann og önnur atvik er hann vörðuðu sem hann hefði skilið eftir í skólanum þegar hann hætti þar störfum. Í framburði F kom einnig fram

að skólastjórnendur hefðu ítrekað á starfsmanna- og kennarafundum fjallað um drenginn og hvernig bregðast skyldi við þegar eitthvað gerðist í tengslum við hann.

- 42 Ekki liggur fyrir að skráð hafi verið hegðunar- eða ofbeldisatvik hjá skólanum vegna umrædds nemanda. Vitni hafa hins vegar komið fyrir dóminn og greint frá tilvikum þar sem umræddur nemandi hegðaði sér illa, beitti jafnvel ofbeldi og tilraun til ofbeldis gagnvart stuðningsfulltrúa og kennara.
- 43 H gaf vitnaskýrslu fyrir dómi, en hún var stuðningsfulltrúi í nefndum grunnskóla þegar atvikið átti sér stað og sat á móti stefnanda í matsalnum í umrætt sinn. Hún greindi frá því að á þeim tíma hefðu margir starfsmanna skólans verið viðstaddir í matsalnum, allt að sex til sjö manns. Einnig bar hún um að átta dögum fyrir nefnt atvik, eða þann 13. mars 2017, hefði hún verið á leiðinni út til að sinna gæslu í frímínútum. Hefði þá sami drengur veist að henni án nokkurs tilefnis og veitt henni högg með klaka í hnakkann. Hefði stefnanda verið kunnugt um það atvik.
- 44 Í framburði G þroskaþjálfara, sem starfaði við skólann á umræddum tíma, kom fram að innan skólans hefði verið sérstakt teymi tiltekinna starfsmanna, þ.m.t. vitnisins, sem höfðu til þess þekkingu og sinna hefðu átt inngrípum vegna hegðunarvanda nemenda eða ofbeldisverka. Í framburði hennar kom fram að hún hefði orðið vitni að tilraun drengsins til að stinga annan kennara í lærið með vasahníf.
- 45 Stefnandi bar sjálf í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi að umræddur drengur hefði átt sögu um að vera óútreiknanlegur og geta tekið æðisköst þar sem hann missti stjórn á sér. Þá staðfesti stefnandi að hún hefði áður en atvikið varð heyrt af fyrri slíkum atvikum drengsins, t.a.m. að hann hefði veist að kennara með vasahníf og slegið stuðningsfulltrúa í hnakkann með klaka.
- 46 Að framangreindu virtu verður talið sannað með framburði vitna að umræddur drengur hafi áður en atvikið átti sér stað átt það til að vera óútreiknanlegur í hegðun, missa stjórn á sér og jafnvel beita ofbeldi og að stefnanda hafi verið það kunnugt.

- 47 Í 7. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla kemur fram að við grunnskólann skuli vera skólastjóri sem sé forstöðumaður grunnskóla, stjórnari honum, veiti faglega forystu og beri ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Í þessu ákvæði felst skylda skólastjóra til að gæta að öryggi nemenda og kennara þar sem kennsla fer fram. Eins og þegar er rakið verður skv. vitnisburði F að leggja til grundvallar að sá kennari sem síðast lauk kennslustund með drengnum fyrir matarhlé hafi átt að fylgjast með honum í matsalnum. Við mat á því hvort slíkt eftirlit hafi brugðist í umrætt sinn þannig að virt verði stefnda X til sakar verður hins vegar ekki fram hjá því litið að viðbrögð stefnanda þegar hún ákvað að stöðva hlaup umrædds nemanda í matsalnum með líkamlegu inngrípi, og síðan áframhaldandi viðbrögð hennar, hafi verið á skjön við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, sem bannar líkamlegt inngríp í mál nemenda í refsingarskygni, eins og nú verður rakið.
- 48 Ósannað þykir að nauðsynlegt hafi verið fyrir stefnanda að stöðva hlaup drengsins með þeim hætti sem hún gerði. Bráð eða yfirvofandi hætta vegna hlaupanna er ósönnuð. Í þessu sambandi er m.a. litið til þess framburðar stefnanda í framlagðri lögregluskýrslu að hún hafi gripið í handlegg drengsins til að fá hann til að láta af hlaupunum í matsalnum. Hlaup í matsalnum hafi verið bönnuð skv. reglum skólans vegna þess að þau auki hættu á slysum. Þegar hefur verið lagt til grundvallar að stefnandi hafi þekkt til þess hegðunarvanda sem drengurinn átti við að etja og af þeirri ástæðu hafði stefnandi fulla ástæðu til að grípa ekki inn í hlaupin á þann máta sem hún gerði. Ekki telst heldur sýnt að ákvæði 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar eigi við, þ.e. að háttsemi nemandans hafi leitt af sér hættu fyrir samnemendur eða starfsfólk skólans þannig að stefnandi hafi mátt grípa til líkamlegs inngríps. Því er ekki fallist á að hlaup nemandans í matsalnum hafi skapað slíka hættu og hafi viðbrögð stefnanda í umrætt sinn verið beinlínis röng og á skjön við verklag skv. nefndu reglugerðarákvæði. Í því sambandi er litið til þess að margir starfsmenn skólans voru viðstaddir umrætt sinn og ekki þörf á því að stefnandi, sem byggir á því að hafa engar leiðbeiningar fengið um meðhöndlun drengsins, gripi inn í atburðarásina, sem ekki beindist að henni. Hið sama á við eftir að drengurinn hafði gefið stefnanda hnefahögg. Ekki er fallist á það með stefnanda að háttsemi hennar hafi verið í samræmi við fyrirmæli í handbók skólans um að kennari eigi að fylgjast með líkamlegri og andlegri líðan nemenda sinna og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur. Á það

við allt frá því að hún greip fyrst í nemandann og í hverju skrefi síðan í hinni hröðu atburðarás sem þá tók við.

- 49 Með framburði m.a. vitnisins F og aðilaskýrslu stefnanda er ljóst að henni og öðrum starfsmönnum skólans var kunnugt um hegðunarvanda drengsins, sem m.a. hafði verið ræddur á starfsmanna- og kennarafundum. Í fullum matsal af starfsfólki skólans verður ekki fallist á að hegðun drengsins hafi kallað á að stefnandi hefði í upphafi afskipti af honum eða að hún hafi í framhaldi hnefahöggsins þurft að taka hann taki og færa hann úr matsalnum ein síns liðs í stað þess að víkja frá í kjölfar hnefahöggsins. Verður það ekki virt skólanum til sakar að hún hafi ákveðið að sinna sjálf líkamlegu inngripi í umrætt sinn.
- 50 Til þess ber einnig að líta að hegðun drengsins áður en líkamlegt inngrip stefnanda hófst beindist alls ekki að stefnanda heldur kaus hún að stíga sjálf inn í atburðarásina með þeim hætti sem hún gerði. Fallist er á það með stefndu að frumorsök atviksins og tjóns stefnanda hafi verið röng viðbrögð hennar sjálftrar og það líkamlega inngrip sem hún ákvað að beita. Ekki er fallist á að aðrir starfsmenn skólans hafi brugðist of seint við.
- 51 Ekki verður fram hjá því litið að í ljósi menntunar stefnanda hafi henni átt að vera ljóst að líkamlegu inngripi yrði ekki beitt gegn nemanda með þeim hætti sem hún gerði. Skiptir þar ekki sköpum þótt stefnandi hafi ekki setið námskeið um það hvernig takast eigi á við hegðunarvanda nemenda. Ekki verður það talið hafa áhrif á framangreinda niðurstöðu að verklagsreglur hafi ekki verið lagðar fram af hálfu stefndu.
- 52 Er það mat dómsins, með vísan til atvika og allra gagna málsins, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að starfsmenn skólans hafi viðhaft saknæma háttsemi sem orsakað hafi líkamstjón hennar við umrætt atvik. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands 20. september 2012 í máli nr. 645/2011 þykir ekkert fram komið í málinu um að starfsmenn skólans hafi umrætt sinn vanrækt umsjónarskyldur sínar með nemandanum með þeim hætti að til bótaskyldu geti leitt fyrir stefndu eða að tjónið hafi orðið vegna þess að stefnanda hafi ekki verið sérstaklega kynnt rétt viðbrögð við erfiðri hegðun nemenda. Verður því bótaábyrgð ekki felld á stefndu á grundvelli sakarreglunnar.

- 53 Stefnandi byggir til vara á sakarlíkindareglu og hlutlægri ábyrgðarreglu. Vísar stefnandi til þess að á skólayfirvöldum hvíli rík skylda til að gæta að vinnuáðstöðu nemenda og kennara, m.a. að tryggja öryggi þeirra gagnvart nemendum með hegðunar- og þroskavandamál og sanngjarnt sé og eðlilegt að skólinn beri áhættu af atburðum sem þessum fremur en kennari sem fyrir tjóni verði. Hefur stefnandi vísað til fyrirmynda í 30. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Til að fallast megi á hlutlæga ábyrgð þurfa slíkar reglur að hafa skýran lagagrundvöll, skv. íslenskri réttarframkvæmd. Þá afstöðu má m.a. sjá í þeirri löggjöf sem stefnandi vísar sjálf til um þennan málatilbúnað en framangreind lagaákvæði takmarkast við tjón lögreglumanna annars vegar, sbr. skilgreiningu í 3. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, og þeirra sem ráðnir eru í skipsrúm hins vegar, sbr. nefnt ákvæði siglingalaga nr. 34/1985. Litið er til þess að túlkun slíkra lagaákvæða um hlutlæga ábyrgð sé með þeim hætti að þau séu skýrð þröngt þannig að ekki sé lögð á frekari hlutlæg ábyrgð en örugglega er mælt fyrir um í þeim. Verður ekki á nefndum lagaákvæðum byggt hvað varðar störf kennara.
- 54 Að framangreindu virtu er ekki fallist á að bótaábyrgð stefndu verði byggð á hlutlægum grunni. Engin slík hlutlæg bótaábyrgð stefndu er lögfest hvað stefnanda varðar. Ekki er heldur fallist á að leggja megi til grundvallar ólögfesta hlutlæga ábyrgðarreglu vegna líkamstjóns starfsmanns sem verður við slíkar aðstæður sem hér um ræðir.
- 55 Litið er til þess að viðurkennt er að sérstök rök geti legið til þess að víkja frá sakarreglunni, án þess að fyrir því sé lagastoð, en það hafa íslenskir dómstólar gert með því að beita sakarlíkindareglunni, eða sönnunarreglum ella þannig að ábyrgðin verði ströng. Stefnandi hefur til vara, og með sömu rökum og í málatilbúnaði hennar um hlutlæga ábyrgð, byggt á því að bótaábyrgð skuli felld á stefndu á grundvelli sakarlíkindareglu. Í þessu sambandi hefur stefnandi ekki vísað til lögfestrar sakarlíkindareglu og því verður málatilbúnaður hennar skilinn á þann veg að hún byggi á tilvist ólögfestrar sakarlíkindareglu. Ekki verður fallist á að atvik máls séu með slíkum hætti eða að þau séu ekki nægjanlega upplýst þannig að fella megi bótaábyrgð á stefndu, svo sem áður er rakið. Ætti það einnig við jafnvel þó litið yrði á sakarlíkindaregluna sem sjálfstæða efnisreglu um bótagrundvöllinn en stefnandi vék ekki að þessu atriði við aðalmeðferð málsins.

- 56 Stefnandi hefur í stefnu vísað til ákvæðis kjarasamnings grunnskólakennara í grein 7.6 sem tekið hafi gildi 1. júní 2018. Enginn ágreiningur er með aðilum um að umrætt kjarasamningsákvæði hafði ekki tekið gildi þegar atvikið gerðist. Á það því ekki við í málinu og er því ekki þörf á að fjalla um hvort það ætti við um málsatvik skv. efni sínu, en ekkert var að þessu vikið í málflutningi fyrir dómi. Tilvísun stefnanda til kjarasamningsákvæðisins verður heldur ekki skilin með öðrum hætti en til styrkingar málsástæðu um hlutlæga bótaábyrgð stefndu, sem þegar hefur verið hafnað.
- 57 Stefnandi telst ekki hafa sýnt fram á að brotið hafi verið gegn öðrum þeim ákvæðum laga og reglugerða sem hún vísar til, í tengslum við atvikið, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands 19. janúar 2012 í máli nr. 386/2011.
- 58 Það er niðurstaða dómsins að slysið hafi orðið vegna aðgæsluleysis stefnanda sjálfra og rangra viðbragða hennar í umrætt sinn. Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu stefndu á grundvelli sakarreglunnar eða að bótaábyrgð verði felld á stefndu á grundvelli reglna um hlutlæga bótaábyrgð eða á grundvelli sakarlíkindareglu. Eru stefndu sýknir af kröfum stefnanda.
- 59 Rétt þykir í ljósi atvika málsins og allra aðstæðna að málskostnaður falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi nýtur gjafsóknar í máli þessu skv. fyrirbyggjandi gjafsóknarleyfi frá 14. febrúar 2022. Allur kostnaður greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns stefnanda svo sem greinir í dómsorði. Þóknunin er ákvörðuð með hliðsjón af efni og umfangi málsins. Samkvæmt dómvenju í gjafsóknarmálum er virðisaukaskattur ekki meðtalinn í fjárhæðinni.
- 60 Af hálfu stefnanda flutti málið Erling Daði Emilsson lögmaður. Af hálfu beggja stefndu flutti málið Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður. Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf. og X, eru sýknir af kröfum stefnanda, A. Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hennar, Erlings Daða Emilssonar, sem telst hæfilega ákveðin 1.000.000 króna.

Sigríður Rut Júlíusdóttir